

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2002

27. mars 2002

601

Nr. 247

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,
um sildveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. apríl“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. mars 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

27. mars 2002

Nr. 248

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni
og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:

a) Merking á amfetamine orðist svo:

Amfetamine	amphetamine	P II	x	4)
------------	-------------	------	---	----

b) Við undanþágur og athugasemdir við fylgiskjal I bætist eftirfarandi:

4) Undanþegin eru: Efni sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1994 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð

hafa verið skv. 7. mgr. 7. gr. sömu laga, og efni sem veitt hefur verið leyfi til að flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. og 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr., 3. gr., 4. gr. a laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 21. maí 1974 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. mars 2002.

F. h. r.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.